



Hlynur Helgason

Aðferð heimpekilegs innsæis

Mikilvægi hugmynda Henris Bergsons fyrir umræðu um þróun menntunar

► Um höfund ► Efnisorð

Í greininni felst náin skoðun á mikilvægi hugtaksins „heimspekilegt innsæi“, eins og það er sett fram í skrifum franska heimspekingsins Henris Bergsons í riti hans *La pensée et le mouvant* (Hugsunin og það sem hrærist) og víðar. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hugtakið út frá hugmyndum og umræðu um þróun menntunar á Íslandi, bæði nú og á öldinni sem leið. Hugmyndir Bergsons hafa nýst á undanliðnum áratugum í viðleitni til að leggja grunn að jákvæðri og uppbyggilegri afstöðu til pólitískt hlaðinna álitamála samtíðarinnar. Upplegg mitt í greininni er að endurmat á kenningum Bergsons geti verið gagnlegt til að skilja og skilgreina mikilvægi innsæis í tengslum við hugmyndir um lýðræðisþroska og sjálfbærni í heimi sem einkennist í síauknum mæli af neysluhyggju og flækjustigi tæknivæðdra samskipta. Innsæi Bergsons er ekki afmarkað, eins og hugtakið í almennri notkun, heldur lykiltríði í heildarskilningi á samhengi manns og heims. Slíkur skilningur á hugtakinu getur skipt máli til að efla umræðu um menntun, nokkuð sem getur reynst mikilvægt fyrir ákvarðanatöku og uppbyggilega stefnumótun um listræna menntun og uppeldi. Í framhaldi af skoðun hugtaksins verður fjallað um birtingarmyndir þess í tengslum við heimspeki- og menntaumræðu á öldinni sem leið, auk þess sem ‘falið’ samhengi þess í umræðu um mikilvægi lýðræðisþroska og vitundar um sjálfbærni í menntun samtímans verður greint.

Philosophical intuition as method: The importance of Henri Bergson's theories for furthering discourse on education

► About the author ► Key words

The article is a close reading of the concept ‘philosophical intuition’ in the writings of the early twentieth-century philosopher Henri Bergson, as it appears in his work *La pensée et le mouvant* (Thought and movement) and elsewhere. The concept is an important part of his general ontology, where duration and becoming are also important. The article follows Bergson’s arguments and elaboration of philosophical intuition, accentuating the way this ontological treatise is a radical critique of prevalent attitudes of rational scientific thought. To clarify certain key theoretical issues we also draw on Gilles Deleuze’s illuminating discussion of Bergson’s ideas. Deleuze was in the latter part of the twentieth century the main proponent of the revaluation of Bergson’s work for contemporary thought. Following the close reading and explanation of Bergson’s theory we proceed to an analysis of select writings by Icelandic authors that have drawn upon Bergson’s ideas about intuition. First we discuss the early philosophy of Guðmundur Finnbogason, who was to become very

influential in the fields of psychology and education in Iceland. Fonnbogason's ideas of symphathetic understanding were at least in part based on Bergson's theories. Ágúst H. Bjarnason was a pioneer in the teaching of philosophy at the University of Iceland. His theories and discussion of French philosopher Guyau are also indebted to Bergson's theories. Sigrún Pálsdóttir Blöndal was a strong proponent of the conservative womens' educational movement in the thirties. In her interesting article she uses Bergson's ideas to argue for a different type of education for women based on their essential differences from men, characterized by their power of intuition. Natural philosopher and feminist Björg C. Thorvaldsson was strongly influenced by Bergson's theories. The final example is from 1963 by Guðmundur Sveinsson, who later became a leading figure in the Icelandic progressive comprehensive school movement. He uses Bergson's theories to argue for the necessity to nourish the aspect of human intellect characterized by intuition, focusing on Bergson's division between the rational scientific approach and the capacity for intuition. In the last fifty years or so, one cannot discern any direct discussion of Bergson in Icelandic writings on education. Elizabeth Grosz suggests, in relation to research in the humanities, that it is likely that his influence can be found subliminally. Following her cue we have selected a few articles from Icelandic literature on educational reform that discuss ideas pertinent to contemporary global issues: democratic participation and environmental self-sufficiency. Philosopher Ólafur Páll Jónsson has over the last decade written extensively about the problems facing contemporary democracy. We discuss an article of his where he discusses the importance of comprehensive approaches in education with the aim of strengthening a 'life-style' attuned and enhanced by democratic principles. Ólafur Páll bases his arguments on certain ideas of Guðmundur Finnbogason.. At this stage we turn yet again to Gilles Deleuze and Elizabeth Grosz to supplement our arguments about the importance and appropriateness of Bergson's ideas for the present. Deleuze champions Bergson and thinks that his method is imperative in order to approach the issues facing life and society in a progressive and intuitive manner, by supplementing the all-encompassing climate of scientific rationalism by important elements of vitality and a different comprehension of temporality and causality. Grosz uses Bergson's ideas as a possible catalyst for the fundamental ideological changes needed to combat the dissolution of human society and environmental disaster in the present age.

Inngangur

Franski heimspekingurinn Henri Bergson þróaði nýstárlegar verufræðilegar kenningar sínar um ástand tíma og rúms í kringum aldamótin 1900. Lykilhugtak í hugmyndakerfi hans var hugtakið heimspekilegt innsæi. Nokkrir hugsuðir, eins og franskur heimspekingurinn Gilles Deleuze og ástralsk-bandarískur heimspekingurinn Elizabeth Grosz, hafa á undanförunum árum bent á að þessar hugmyndir Bergsons ættu erindi inn í umræðu samtímans. Það sjást hinsvegar hvergi skýr merki um þessar hugmyndir í menntaumoræðu á Íslandi á undanförunum árum. Frumkvöðlar íslenskrar vísindaheimspeki og fagurfræði, Guðmundur Finnbogason, Ágúst H. Bjarnason og Björg C. Þorláksson, urðu fyrir talsverðum áhrifum frá kenningum Bergsons á fyrri hluta síðustu aldar. Skólamálafrömuðir fyrri tíma, eins og Sigrún Pálsdóttir Blöndal sem stofnsetti Húsmæðraskólann á Hallormsstað og Guðmundur Sveinsson, fyrsti skólustjóri Fjölbrautaskólans í Breiðholti, fjölluðu einnig í sínum skrifum um kenningar Bergsons um innsæi, Sigrún árið 1927 og Guðmundur árið 1962. Þrátt fyrir að þessar kenningar hafi ekki hlotið mikla umfjöllun á síðustu árum, má greina svipaðar hugmyndir í menntaumoræðu hér á landi. Þeirra gætir víða í skrifum í Netlu, sér í lagi í umræðu um hugmyndafræðilegar forsendur skólastarfs, til dæmis í umræðu um lýðræðislegan þroska og virka sjálfbærni. Höfundar byggja á mismunandi grunni í skrifum sínum, en þó gætir víða hugmynda sem eru hliðstæðar hugmyndum Bergsons. Það er því ástæða til þess nú að skoða hugmyndir Bergsons um innsæi nánar á grundvelli frumtexta hans um þetta efni, sjá hvernig íslenskir höfundar hafa nýtt þær og tengja síðan betur við áherslur höfunda eins og Deleuze og Grosz. Þannig er leitast við að skerpa til muna á ákveðnum þáttum í samtímaumoræðu um hlutverk og gildi innsæishugtaksins við mögulega stefnumótun í menntun á Íslandi.

Hugtak Henris Bergsons um heimspekilegt innsæi

Henri Bergson leggur grunn að framsetningu hugtaksins innsæi í tveimur lykilgreinum. Þær eru annarsvegar *L'intuition philosophique* (Heimspekilegt innsæi) frá 1911 (2003a) og hinsvegar *Introduction a la metaphysique* (Inngangur að frumspeki) frá 1903 (2003b). Í þessum greinum skilgreinir hann hugtakið *intuition* eða innsæi í tengslum við heimspeki sína í heild og hvaða máli það skiptir innan þeirrar heildar.

Matrixan — fyrri hluti

En tökum fyrst eitt dæmi úr 'költ'-kvikmynd. Í kvikmyndinni *The Matrix* í leikstjórn Wachowski-bræðra frá árinu 1999 er sena þar sem aðalsöguhetjan Neo, sem hefur á afdrifaríkan hátt verið dreginn út úr tölvuknúinni draumaveröld sem hann hélt vera raunveruleikann, kemur inn í herbergi í sínum nýju vistarverum þar sem starfsmaður er að fylgjast með ókennilegum táknum líða niður tölvuskjáinn. Þetta eru fyrstu kynni söguhetjunnar af forritinu sem hélt utan um það sem hún hafði fram að þessu talið vera veruleikann, þetta var kóðinn á bak við Matrixuna. Hér kemur þýðing mín á því sem fór fram á milli aðila:

– Er þetta...?

– ...Matrixan? Jáhá.

– Horfirðu alltaf á hana í kóða?

– Nú, maður verður að gera það. Myndtúlkarnir starfa fyrir uppbyggingar-forritið. En það eru allt, allt of miklar upplýsingar þar til að þýða Matrixuna. Þú venst þessu. Ég ... ég sé ekki einu sinni kóðann. Það eina sem ég sé er „ljóska“, „skolhærð“, „rauðhærð“. (Wachowski og Wachowski, 1999)

Hér eru nokkur atriði sem eru áhugaverð fyrir það sem hér er fjallað um; í fyrsta lagi ber að nefna „kóðann“, sem maðurinn getur lesið beint og án hjálpar. Hér er um ómeðvitaða ögun, þar sem vanabundinn veruleiki skapast, verður að uppbyggðum og túlkuðum veruleika í túlkun lesandans. Það sem maðurinn sér og les í kóðanum er í þessu tilviki námundun, túlkun, og því ekki endilega ábyggilegur eða traustur — haldbær — veruleiki, aldrei „sjálfur“ veruleikinn. Annað sem er athyglisvert er áherslan á að þær upplýsingar sem hægt er að sjá eru allt, allt of miklar. Það þýðir að það er í reynd ekki hægt að túlka eða þýða Matrixuna sem slíka. Þegar persónan segist „lesa“ hana, þá er það ekki það sem á sér stað. Neo hefur ekki tíma til að lesa hana, lestur er ferli sem tekur tíma og upplýsingarnar flæða allt of hratt fyrir augum hans til þess að það sé hægt. Í staðinn vinnur hann á vanabundinn og kerfisbundinn hátt úr því sem hann sér — hann sér þannig myndirnar sem eru á bak við kóðann. Vegna þess að það er ofgnótt upplýsinga til staðar þarf hann að nota innsæi, en ekki lestur, til að skynja. Í þessu dæmi eru tvö mikilvæg atriði: annarsvegar hvernig veruleikinn sem til skoðunar er, veruleiki Matrixunnar, er í reynd uppbyggður og tilbúinn; hinsvegar hvernig þessi uppbygging veruleikans er persónunni ekki aðgengileg á rök-rænan, læsan hátt.

Merkingin/skynbragðið

Þetta læsi eða skynjun persónunnar kristallast í skilgreiningu Bergsons á hugtakinu sense, sem á frönsku felur bæði í sér merkinguna og það sem á íslensku mætti kalla skynbragð, að bera skynbragð á hluti. Hugtakið á því við um samruna hins skynjaða og hins túlkaða. Bergson lýsir skynbragðinu sem svo í *L'intuition philosophique*: „Merkingin/skynbragðið, sem er síður hugsaður hlutur en hreyfing hugsunar, síður hreyfing en stefna (1911/2003a, bls. 133).“ Þessi skilgreining ber með sér markverð lykilatriði í afstöðu Bergsons til heimsins, afstöðu sem markast í grunninn af því að hugsa sér veröldina sem hreyfanlega og síbreytilega, fremur en fasta og afmarkaða. Í þessu samhengi reynir hann gjarnan að komast hjá því að vinna út frá tvíhyggju, að greina veruleikann í samræmi við andstæða póla í hugsun. Þetta endurspeglast í lýsingu hans á merkingunni eða skynbragðinu — merking hugtaksins er ekki skýrt skilgreind, enda síður en svo skilgreinanleg; hún er í sjálfu sér hreyfanlegt og lifandi fyrirbæri sem er í eðli sínu skriðult. Merkingin er því falin í hugsuninni, en tæpast þó, því hún er ekki festanleg eða ákvarðanleg sem slík, heldur

hugsun sem líður, sem er eðli hugsunar. Sem slík er hún þó ekki beinlínis hreyfingin í sjálfu sér, heldur hreyfing sem hefur stefnu, merkingin felst í stefnu hreyfingarinnar, þeirri átt sem hugsunin leitar í, í síbreytilegri kviku sinni.

Hér erum við komin að einu af meginatriðum í því hvernig Bergson hélt uppi gagnrýni á einstefnu vísindahugsunar sem reynir að skilgreina ástand í hringiðu viðburða, nokkuð sem þarf að gera til að greina viðfangið á rökrænan hátt. Gilles Deleuze telur það lykilatriði í afstöðu Bergsons til vísinda að hann sættir sig ekki við það að láta vísindin og vísindalega aðferð ein um þekkinguna og að eftirláta heimspekinni ekki annað hlutverk en að fjalla um hana utan frá. Afstaða Bergsons felur aftur á móti að mati Deleuze í sér að heimspekin fer aðra leið, sem innifelur vísindin en stefnir að meiri og ítarlegri þekkingu en þau hafa möguleika á að öðlast (2002/2004, bls. 23). Með því móti er grundvöllurinn ekki ástandið heldur ferlið, sem kemur best í ljós í forsendum lífsins þar sem ekki er hægt að fastnegla ákveðið ástand. Ferli lífsins er stöðugt og þannig er fastlagt ástand afbrigðilegt. Það er á forsendum þessara hugmynda, um að ákvörðun ástands sé í reynd óraunhæf, sem áherslan á mikilvægi innsæis kemur upp — svo hægt sé að tengjast hreyfingunni, eða stefnu hennar. Sú skoðun raunverunnar sem slík aðferð felur í sér, án greiningar og aðgreiningar, er hinsvegar í andstöðu við meginhugmyndir vísindalegrar rökhugsunar sem réð ríkjum í upphafi tuttugustu aldar og hefur lítið látið undan síga síðan þá (Bergson, 1911/2003a, bls. 133–136).

Það er í þessari sértæku áherslu á hreyfiaflið og stefnuna sem heildarsamhengi hugmynda Bergsons þarf að skoðast; heimurinn er stöðugt í ástandi sem er að verða til; þannig er ekkert fyrirframgefið og það er einungis tálsýn að álykta að það sem fyrir er sé fast í hendi eða ákvarðað endanlega. Þessi afstaða er eins og rauður þráður í heimspeki hans um innsæi, nokkuð sem kemur ekki síður í ljós þegar Bergson fjallar um eigin aðferð, eigið ferli og hvernig hann nálgast viðfangsefni sitt: „Heimspekingurinn leggur ekki upp frá fyrirframgefnum hugmyndum; öllu heldur má segja að þær séu áfangastaðurinn (1911/2003a, bls. 134).“ Hér er ekki um rof að ræða frá fyrri hugmyndum og fyrri hugsun; þær eru til staðar í minningunni og þær ber að hafa í huga. Hins vegar er afstaða Bergsons sú að þróun og framfarir, þar sem hver byggir á því sem á undan er gengið, séu ekki jákvæð í eðli sínu. Heimspekingurinn þarf þess vegna að endurvinnna, enduruppgötva og endurnýja það sem arfleifðin ber með sér; uppgötvunin felst í því að komast, enn og aftur, að því sem áður hefur verið uppgötvað. Í samhengi ferlisins verður sú uppgötvun í senn gömul og ný. Hugsuðurinn stefnir að samhljómi með því fyrirframgefna, án þess þó að gefa sér neitt fyrirfram.

Innri snertipunktur sem innsæi

Skýrt dæmi um innsæi birtist hér, í tengslum við aðferð heimspekinnar og í tengslum við vinnu heimspekingsins, aðferð hans og aðgerð; nokkuð sem lýsir bæði nauðsyn og afstöðu til lífsins:

Sökkvum okkur nú innra með okkur sjálfum: því dýpri sem punkturinn liggur sem við náum að snerta, þeim mun sterkara verður viðspyrnan sem kemur okkur aftur upp á yfirborðið. Innsæi heimspekinnar er þessi snerting, heimspekin er þessi vegferð (1911/2003a, bls. 140).

Hér er skáldleg myndhverfing notuð til að sýna aðferð innsæis. Hér dregur Bergson fram hreyfimtátt hugtaksins, áherslur og mikilvægi fyrir heimspekilega aðferð. Hér eru veran og hugsunin túlkaðar sem djúp eining þar sem vitneskjan er fengin í virku minningarferli, ferli sem felur í sér að ná ákveðnum punkti í hugsuninni, en jafnframt að nýta heimspekina til að komast til baka aftur upp á yfirborðið þar sem innsæismerkingin er færð í orð, nokkuð sem byggir á skilningi og skynbragði á það sem á sér stað og hefur átt sér stað. Reynsluvísindin gefa sér efnislegan heim þar sem allt er hægt að sundurgreina út frá orsökum og afleiðingu. Þetta er heimur aðgreiningar og ástands, sem hægt er að kanna á fullkomlega rökrænan hátt. Viðbót Bergsons felst í því að hafna aðgreiningu efnis og anda, þess sem skoðað er og skoðandans. Það er ferli skoðunar, reynslan sjálf sem hann beinir sjónum að. Í hans huga, þar sem heimspekilegt innsæi er frumforsenda, er allt — sálin/mannshugurinn og veröldin — órofa heild sem er ekki skipt upp í þætti og hluta. Hér er enginn 'ytri' og 'innri' veruleiki; hið huglæga og hlutlæga er eitt og innlimað í sömu heild reynslunnar. Það er þetta í kerfi Bergsons sem Deleuze segir vera 'annan' kost sem fer dýpra en afstaða vísindahyggjunnar. Innsæi virkar í heimspeki þegar:

Afstaða heimspekinnar, sem staðsetur okkur innan í hlutum í stað þess að skilja okkur eftir fyrir utan, er frekar endurnýjuð en ekki ákvörðuð af heimspeki, frekar enduruppgötvuð en ekki fundin upp (2002/2004, bls. 23).

Heimspökilegt ferli byggir á innsæi, það er í því sem heimspökinn felst; í ferli sem felur í sér innri spennu, tengingar og þrýstingsmun í minniskennendum líkama þess sem við köllum (til þæginda) huga. Það sem þetta leiðir af sér er hreyfanleg heimspökileg hugsun, þar sem það er viðurkennt að það er engin leið að stöðva ferlið, það er á eilífri hreyfingu sem er eina leiðin fyrir hugann — heimspökina og innsæið — að virka (Bergson, 1911/2003a, bls. 140–142). Það sem Bergson kallar heimspöki er í þessu samhengi ákveðin afstaða til lífsins, afstaða sem byggir á vísindalegri þekkingu og kunnáttu, en sem á í annarskonar sambandi við heiminn en því sem kemur fram í vísindahyggju nútímans. Bergson lítur svo á að afstaða þröngrar vísindahyggju sé í reynd valdaafstaða, bæði í tengslum manna og náttúru en einnig í viðmóti manna innbyrðis: „Regla vísindanna ...: hlýðni til þess að skípa. Heimspökungrinn hlýðir hvorki né skipar, hann leitast við að finna til samúðar!“ (1911/2003a, 139). Hér tengir Bergson hugtakið samúð við hugmyndir sínar um innsæi. Samúðin er hér ekki skilin sem siðferðileg meðaumkun. Hún er miklu fremur þekkingarfræðileg afstaða sem er tilraun til að ná heildrænni tengingu við hluti heimsins, tengingu á forsendum innsæis sem nýtir fjölbreytt og fjölbætt minni til að ‘sjá’ án þess að greina, hluta, eða aðgreina. Það er einkenni greiningarinnar, sem er einkenni vísindahyggjunnar, að skipta hlutum upp í þætti, skoða sérstaklega það sem aðgreinir og er ólíkt. Þar liggur merkingargrunnur orðsins ‘science’, að brjóta upp, skera, til að sjá samhengið betur. Vísindin hlýða reglu sinni, reglu sundurgreiningar og gagnrýni, til þess að ná valdi á viðfangi sínu, sem er allt frá hinu smæsta yfir í heiminn í heild. Í þessari skiptingu sem byggir á rökrænum forsendum aðgreiningar tynist heildarmynd hlutarins. Þegar búið er að opna dýrið til að skoða og greina einstaka líffæri og virkni þeirra, er dýrið dautt. Skilningurinn byggir á valdbeitingu, stýringu, sem um leið aflífar og kemur í veg fyrir að skoðunin, sjónin, sjái hlutinn í heild, eins og hann væri skoðaður á eigin forsendum, allur, innanfrá. Það er þessi skilningur sem Bergson mælist til að fá aukinn veg, skilningur sem byggir á innsæi og nýti sér samúð til að tengjast hlutum án valdbeitingar.

Það er hér sem mikilvægi þess að byggja á ‘öðrum’ skilningi tíma og rúms kemur til með að skipta mestu máli, í afstöðu til heimsins og hluta hans sem byggir á innsæi og sem notar samúð til þess að skoða og sjá.

Tvennskonar afstaða til tíma og rúms

Það er hafið yfir vafa að vitundin beinist á afar ákveðinn hátt þegar hún skoðar viðfang sitt út frá mælikvörðum, og að hún ferðast í ólíka átt, jafnvel þveröfuga, þegar hún af-tengist allri hugsun sem horfir til baka á tengsl og samanburð en sýnir í staðinn veruleikanum samúð. Við höfum sýnt fram á að fyrri aðferðin hentar rannsókn efnisins og sú síðari andans ... Í fyrri tilvikinu er um að ræða rúmgerðan tíma og rými; í því síðara, raunverulega það sem líður (Bergson, 1903/2003b, bls. 177, nm. 1).

Hér dregur Bergson skýrt fram þá tvo valkosti sem hann telur að hægt sé að nýta í viðmóti manns til heimsins. Fyrri afstaðan er sú vísindalega, þar sem rúm og tími eru óháð þeim hlutum sem eru í þeim, sem hentar rannsókn efnisins. Hér er tíminn í reynd afleiða vegalengdar, fjarlægðirnar fyrirfram ákveðnar og heimurinn í heild tengdur í skýru rökrænu samhengi orsaka og afleiðingar. Þetta er afstaða greiningar sem að mati Bergsons hentar þrýðilega fyrir rannsóknir á samhengi efnisins, en sem ná ekki að túlka veruleikann nema á yfirborðskenndan hátt. Sú síðari byggir á vísu minninganna og innsæi með aðferð samúðar. Bergson leggur áherslu á að hér nægi hvorki birtingarmyndir eða hugtök til að ná árangri í rannsókninni vegna þess að þær eru því marki brenndar að geta einungis sýnt hluta myndarinnar en með aðferð innsæis megi aftur á móti fá heildarsýn og -skilning. Hér vísar hann í þann aragrúa ljósmynda sem teknar hafa verið af Parísborg; þær sýni borgina frá afar fjölbreyttu sjónarhorni en geti aldrei tengt við borgina sjálfa (Bergson, 1903/2003b, bls. 177–192).

Hið fyrri felur í sér að maður snýr sér í kring um þennan hlut; hið síðara að maður fari inn í hann. Hið fyrri byggir á því sjónarhorni þar sem maður staðsetur sig og á þeim táknum sem maður leggur út frá. Hið síðara velur sér hvorki sjónarhorn né styðst við nein ták. Um fyrri vitundina má segja að hún staðnæmist við hið afstæða; um þá síðari, þar sem hún er möguleg, að hún nái því alltæka (Bergson, 1903/2003b, bls. 177–178).

1 Hér er verið að þýða franska hugtakið „sympathie“. Hér kæmi til álita að þýða orðið með hugtakinu „samlíðan“ til að gera tilfinninga-þáttinum hærra undir höfði en þeim huglæga sem felst í „samúð“. Á hinn bóginn hefur skapast hefð fyrir því að þýða sympathie sem samúð. Þar sem við komum síðar til að vísa í texta frá fyrri hluta 20. aldar sem nota hugtakið á þann hátt höfum við valið að fylgja þeirri hefð.

Hér er greinandi vitundin sú vísindalega, sem velur sér sjónarhorn eða afstöðu og vinnur út frá skýrum og rökrænum forsendum, þ.e. þetta er hin greinandi hugsun. Sá skilningur sem Bergson þykir skorta á og sem fyrir honum er sérlega mikilvægur er sá sem er altækur, byggir á minningum og langvarandi tengslum til þess að hljóta, eftir því sem mögulegt er, heildarskilning sem ekki afmarkast af sjónarhornum eða þeirri þrengingu sem þýðing yfir í birtingarmyndir eða táknhugsun felur í sér. Aðferð heimpekilegs innsæis í skilningi Bergsons hafnar ekki greiningunni sem vísindin bera með sér; hún er mikilvæg viðbót við hana sem veitir okkur möguleika á að skoða heimpekileg álitamál á altækan hátt. Sú andstaða sem aðferð heimpekilegs innsæis virðist vera í við vísindin byggir á því að hún birtir okkur takmarkanir vísindahugsunar og rökhyggju þegar kemur að skoðun heildræns samhengis, takmarkanir sem geta reynst varhugaverðar. Framsetning heimspeki Bergsons einkennist að miklu leyti af áherslu á hugtakapör, nokkuð sem gæti virst bera einkenni tvíhyggju. Þetta sést meðal annars í titlum bóka hans, en lykilrit hans bera nöfn eins og *Durée et simultanéité* (Það sem líður og það sem er samtímis), *La Pensee et le mouvant*, (Hugsunin og það sem hrærist), og *Matière et mémoire* (Efni og minni). Eins og Gilles Deleuze bendir á felur þessi hugtakanotkun Bergsons ekki í sér andstæðupör eins og virst gæti við fyrstu sýn; hugtakapörin eru ekki sett upp sem andstæður á ás, heldur er annað yfirleitt ráðandi hugtak sem í reynd fullkomnar og fyllir virkni hins (2002/2004, bls. 23–25). Það er á þennan hátt sem það sem líður er ráðandi að mati Bergsons, altækt ástand heimsins, á meðan rökrænn tími vísindahugsunar er sértækt og gagnlegt dæmi, svo fremi sem menn missa ekki sjónar á heildarmyndinni.

Það er mikilvægt í þessu samhengi að reyna að ná margræðum og altækum skilningi um þá hluti sem birtast í veruleikanum. Þetta felur í sér að skynja hlutina í heild sem felur í sér að skilja að þeir eru í sértæku og sérstöku ástandi sem einkennist af því hvernig þeir líða. Innsæið byggir á þessu sambandi við það sem líður, og þá sem fyrir tilstilli skipulegrar og virkrar samúðar:

Hér nefnum við innsæi samúðina sem gerir manni kleift að flytja sig inn í innra byrði viðfangs síns til að samtvinnast því sem er einstakt með því og þar af leiðandi óafleiðanlegt. Andstætt þessu, er greiningin aðgerð sem skilar þáttum um hlutinn sem við þekkjum þegar, það er að segja þáttum sem hluturinn á sameiginlega með öðrum (1903/2003b, bls. 181).

Hér setur Bergson fram nánari skilgreiningu á innsæi sem samúð. Þessi samúð er ekki ein-skorðuð við tengsl á milli manna, eins og í almennri notkun; hún er útvíkkuð til að ná yfir allt viðmót hugsandi veru gagnvart umhverfi sínu. Samúð er þekkingarfræðilegt hugtak í heimspeki Bergsons. Það er ekki loku fyrir það skotið að hugsunin geti skilið innra samhengi lifandi jafnt sem dauðra hluta, samhengi sem er bundið því hvernig atvik þeirra eiga sér stað og líða. Í þessari skilgreiningu staðsetur hann aðferð heimpekilegs innsæis sem mikilvæga viðbót við aðferð greiningarinnar, sem er aðferð vísindalegrar rökhusunar. Á meðan greiningin hlutar niður veruleikann, brýtur hann niður til að skilja hann betur, byggir innsæið á langvarandi minningum sem eru í reynd aðkoma hugsunar að veruleikanum, og sem skilja hann og skynja (eftir því sem hægt er) á skipulegan og virkan hátt.

Það sem líður innvortis er samfella lífs og minnis sem framlengir hið liðna í núinu, þannig að núíð inniheldur skýra mynd hins liðna sem sífellt eykst, þannig að hún er sífellt, fyrir tilstilli sífelldrar eigindlegrar umbreytingar sinnar, til vitnis um æ þyngri byrði sem maður dregur á eftir sér eftir því sem maður eldist. Án þess að hið liðna lifi á þennan hátt af í núinu, væri ekkert sem líður, heldur einungis augnablikið (1903/2003b, bls. 201).

Það sem líður, le durée, er það sem hægt er að skynja fyrir tilstilli samúðar og innsæis. Það felur í sér heildræna skynjun á viðburðum og hlutum heimsins. Í því sem líður eru það minningarnar sem byggja upp mynd heimsins. Þær eru nátengdar lífi verunnar, þeirrar sem man og getur rifjað upp. Í tímahugsun Bergsons um það sem líður er í reynd ekkert sem hægt er að skilgreina sem 'nú' í sjálfu sér. Núíð er þannig tálsýn augnabliksins, þess ástands sem felur ekki í sér neitt minni, heldur er undirorpið afleiðingum óskilgreindra orsaka á hverjum tíma. Í því sem líður er núíð sífellt horfið þegar eftir því er tekið, orðið hluti af þunga minninganna sem byggja á því sem liðið er. Þessar minningar eru byrði lífverunnar, þær knýja hana stöðugt fram til fyrirsjáanlegrar framtíðar yfir það sem við köllum nú. Það sem líður er því önnur hugsun en hugmyndin um núíð sem slíkt, hugsun með stefnu til framtíðar sem er meðvituð um þunga minninganna sem knýja veruna áfram en eru henni jafnframt byrði sem veitir henni þunga. Það er innan þessa ástands lífs og

minninga sem vísindalegur, mælanlegur, rökrænn tími er einungis einn þáttur. Það sem Bergson leggur áherslu á er að þótt sögulegt og rökrænt samhengi sé mikilvægt, þá skipti einnig máli að sumir hlutir og sumar minningar eru öflugri og vega þyngra en aðrar og geta þannig skapað rof í ímyndaðri línulegri 'þróun' í sögulegu samhengi. Í heildarmynd þess sem líður er krónólógískur tími einungis þáttur í eilífu og endalausum samhengi minninganna sem knýja það sem við þekkjum sem framtíð, það sem er að verða.

Það er í þessu samhengi sem ferlishugsun Bergsons skiptir máli. Það er ekki hægt að staðsetja núíð, ekki hægt að afmarka ákveðinn stað í tíma og festa eða skilgreina. Það sem er í gangi, í því sem líður, er eilíft og stöðugt ástand þess 'að verða' (un *devenir*):

Ástandið er í sjálfu sér eilíflega að verða. Ég hef skilið frá því sem verður ákveðið meðalgildi eiginda sem ég hef talið vera óbreytanlegt: ég hef þannig skilgreint stöðugt ástand og, að sama skapi, einfaldað. Ég hef síðan, að öðru leyti, skilið frá því það sem verður almennt, það sem verður sem er ekki lengur það sem verður um þetta eða hitt, og það er þetta sem ég hef kosið að nefna tímann sem þetta ástand tekur (1903/2003b, 201).

Hér lýsir Bergson annarsvegar því sem þarf til þess að túlka það sem er að verða sem skilgreinda hluti. Slík túlkun felur einatt í sér einföldun, því slíkt óbreytanlegt ástand er ekki reyndin. Hluturinn sem Bergson fjallar um hér og er viðfang hans er tímabundinn. Hann er þannig ekki hlutur sem er, heldur ástand sem er að verða. Tíminn er falinn í þessu ástandi, hann er ekki utan þess. Hluturinn er það sem verður og tímaskynið er bundið við þá verðandi. Í stað þess að telja hlutina sem slíka og mælanlegan tíma sem grunnástand, eins og rökræn vísindi gera, þá sýnir hann fram á að þetta séu atriði sem tengjast því sem líður í því sem verður og eru einfaldanir á ástandi heimsins. Það sem er eilíflega að verða er heildarmyndin og innan hennar er hægt að skoða einstök ferli sem hafa mismikla seiglu gagnvart breytingum. Þessi mismikla seigla birtist okkur sem hlutir sem endast og virðast óbreytanlegir um sinn innan þess sem kalla má 'almennan' tíma. Heildarmyndina er hægt að skynja sem samúð, sem er önnur mynd innsæis. Þegar við skynjum hana vitum við að það sem við höldum að séu óbreytanlegir hlutir eru það ekki. Þeir eru ætíð háðir því að vera að líða, innan tímans sem líður í þeim. Þegar við sjáum fasta hluti er það í reynd tálsýn sem byggir því að við munum þá eins. Minningarnar um hlutina geta þó aldrei verið eins, þær verða alltaf ólíkar með tímanum. Þess vegna eru hlutirnir breytilegir en háðir minningunni. Vísindaleg og rökræn greining vinnur hinsvegar á forsendum einföldunar um stöðugt ástand hlutanna.

Það er sagt að greiningin vinni með hreyfingarleysið, en að innsæið staðsetji sig aftur á móti í hreyfanleikanum eða, því sem snúi sífellt aftur, í því sem líður. Þar má draga skýr mörk á milli innsæis og greiningar. Maður finnur veruleikann, tómið, það áþreifanlega, innan þess sem er breytileikinn í sjálfu sér (1903/2003b, 203).

Aðferð sem byggir á innsæi er forsenda þess að skynja að það sem líður er í reynd ástand heimsins og að greiningin er einungis tæki til að skilja og skilgreina það ástand á afmarkaðan og takmarkaðan hátt. Það er í hreyfingunni, breytileikanum — minninu sem verður til þess að staðfesta seiglu hlutanna þegar þeir snúa sífellt til baka, eins en samt ekki alveg — sem kjarni innsæisins liggur. Það að halda að greiningin geti náð yfir ástand heimsins, og ástand okkar sjálfra, er einföldun. Sú einföldun, ef hún viðgengst án þess að fyrirvari sé gerður við hana, leiðir til skakkrar myndar af heiminum og aftengir hugsunina frá því sem skiptir máli í lífinu, sem er það að reyna að horfast í augu, í samúð, við veruleikann sem í eðli sínu er sífelldur breytileiki.

Matrixan — síðari hluti

Til að fá betri yfirsýn yfir þessar ólíku áherslur í tíma og rúmi er gott að líta aðeins á The Matrix á ný. Undir lok myndarinnar hefur aðalsöguhetjan hlotið þjálfun í að takast á við heiminn eins og hann er í raun og veru, dimman og drungalegan ólíkt hinni björtu tálsýn sýndarheimsins sem hann bjó fyrrum í. Í lokin fer hetjan, Neo, aftur inn í tölvugerðan sýndarheiminn sem hann taldi áður vera veruleikann til að kljást við óvinveittar tölvuverundirnar. Nú er hann hinsvegar gæddur innsæi þannig að hann sér kóðann sem myndar heiminn berum augum. Þetta er speglun á senunni sem rædd var í upphafi, þar sem persónan horfði á kóðann án þess að sjá hann eða túlka, þar beitti hann innsæi til að sjá það sem táknad var í stað þess að einblína á táknið. Í lokasenunni er aðalsöguhetjan, Neo, inni í sýndarheiminum en í stað þess að sjá myndina sem líta á út sem

heildrænt samhengi, sér hann kóðann sem er á bak við; það sem hann sér er forritið sem byggir upp heiminn úr afmörkuðum einingum. Hann gerir sér því grein fyrir að bæði forsendur tíma og forsendur efnisins í þessum sýndarheimi eru byggðar á einföldun en hafa ekki neitt raunverulegt innihald þess fyrir utan. Hér er Neo ekki lengur að vinna út frá þeim sjónarhornum sem rökræn uppbygging þess sem hann áður taldi vera veruleika býður upp á; hann ber skynbragð á, hann skynjar og skilur, með innsæi, þennan hlut sem sýndarheimurinn er, innan frá; hann hefur öðlast samúð með honum og nær því að finna að þetta er einungis í stærra samhengi, en ekki stóra samhengið sjálft.

Heimpekilegt innsæi og íslensk menntaumræða

Þræðir Henris Bergsons liggja víða í íslenskri heimspeki á fyrri hluta 20. aldar, þótt lítið beri á hugtaki hans um heimpekilegt innsæi í því samhengi. Áhrif hugmynda hans gætir einnig, bæði beint og óbeint, í menntaumræðu. Frumherjar akademískrar heimspeki og sálarfræði, Björg C. Þorláksson, Ágúst H. Bjarnason og Guðmundur Finnbogason, þekktu kenningar hans vel og áhrifa þeirra og hliðstæðra hugmynda gætir víða í heimspeki þeirra (Jakob Guðmundur Rúnarsson, 2015, bls. 108). Það er einnig áhugavert að sjá hvernig Sigrún Pálsdóttir Blöndal, sem síðar stóð fyrir stofnun Húsmæðraskólans á Hallormsstað, nýtti sér útlistun Bergsons á innsæi í grein sem hún skrifaði í kvennablaðið Hlín árið 1926. Á árunum eftir seinni heimstyrjöldina ritaði Guðmundur Sveinsson, sem síðar varð skólameistari Fjölbautaskólans í Breiðholti, áhugaverða grein um Bergson í Samvinnuna árið 1962 þar sem innsæishugtakið er tekið til skoðunar.

Áherslur þeirra Ágústs og Guðmundar sem skyldastar eru kenningum Bergsons um heimpekilegt innsæi birtast í skrifum þeirra á árunum fyrir fyrri heimstyrjöldina. Ólafur Rastrick, í bók sinni *Háborginni*, dregur þennan hugmyndasveim þeirra saman undir yfirskriftinni *sáleðlisleg fagurfræði* (2013, bls. 57–58). Í doktorsritgerð Guðmundar, *Den sympatiske Forstaaelse* frá 1911, má greina margar hliðstæður við hugmyndir Bergsons, sér í lagi í tengslum við meginhugtak bókarinnar, *samúðarskilninginn*. Guðmundur vitnar að vísu ekki nema einu sinni í rit Bergsons í ritgerðinni og þá í tengslum við það hvernig minnið virkar þegar við lærum nýtt orð (bls. 23). Ólafur Rastrick tekur sérstaklega fram að hugmyndir Bergsons hafi haft mótandi áhrif á efnistökin, á það hvernig Guðmundur tengdi samúðarskilninginn við listskynjun, bæði í doktorsritgerðinni og í bókinni *Frá sjónarheimi* sem Guðmundur gaf út árið 1918. Jörgen L. Pind telur að áhrifa frá Bergson gæti í ritgerðinni, enda hafi hann hafið ritun hennar fljótlega eftir að hann sótti nám til Bergsons í París (2006, bls 257). Jörgen tekur einnig fram að Guðmundur hafi einkum sótt tvennt til Bergsons við skrif ritgerðarinnar: „annars vegar þá skoðun að unnt væri að öðlast þekkingu með tvennum hætti – innsæi og greiningu – hins vegar þá hugmynd að skynjunin þjónaði hreyfingum öðru fremur (bls. 286).“ Jörgen skilgreinir einnig lykilhugtak Guðmundar, samúðarskilning, sem þann skilning „sem vaknar á sálarlífi annarra við eftirlíkingu (bls. 293).“ Að mörgu leyti er merking og virkni þessa hugtaks lík hugtaki Bergsons um heimpekilegt innsæi: hugtakið fjallar um skilning sem á sér stað fyrir tilstilli samúðar og sem fyllir út í og bætir ferli rökskilnings. Hugtak Guðmundar er því hliðstæða við hugtak Bergsons þótt notkunarsvið þess er mun afmarkaðra. Heimpekilegt innsæi er lykilhugtak í verufræðilegum skilningi og mikilvægt í altækri heimsmynd Bergsons, á meðan samúðarskilningur vinnur á forsendum þess að maður bæði skilur aðra fyrir tilstilli þess að maður, meðvitað og ósjálfrátt, líkir eftir þeim og finnur þannig fyrir tilfinningum og hugsunum þeirra á eigin skinni. Fyrir Guðmundi getur skilningur sem byggir á samúð gegnt lykilhlutverki í því að vera manni til fyrirmyndar og því leiða til þess að maðurinn geti á þeim grundvelli bætt sig og breytt (bls. 174). Hjá Guðmundi er því í *Den sympatiske Forstaaelse* um að ræða huglægt ferli speglunar þar sem aðrir geta orðið mikilvæg fyrirmynd fyrir einstaklinginn. Guðmundur tekur hins vegar þessa röksemdafærslu lengra og útvíkkar í bók sinni *Frá sjónarheimi*. Þar útfærir hann hugmyndina um samúðarskilning þannig að hún nær líka til annarra hluta heimsins; þannig verður maður fyrir áhrifum af fagurfræðilegri reynslu vegna samskonar samúðar með hlutum og maður getur fengið með því að líkja eftir öðrum. Þó nær samúðarskilningurinn hér ekki beint til áhrifa hlutanna þannig að þeir í eðli sínu séu eins og aðrir menn. Öllu heldur túlkar Guðmundur að áhrifin frá hlutum eigi sér sína fyrirmynd í því hvernig þeir líkjast fólki, þaðan kemur skilningurinn á persónulegum einkennum og áhrifum hlutanna (1918, bls.13–16).

Ágúst H. Bjarnason ræðir svipaða hluti í grein sem hann byggir á doktorsritgerð sinni og birtist í *Skírni* árið 1912. Þar vísar hann ekki í hugmyndir Bergsons heldur fjallar greinin um kenningar skáldsins og heimspekingsins Jean-Marie Guyau sem var samtíða Bergson en lést aðeins 34 ára

gamall árið 1888. Sterkasta tengingin við síðari hugmyndir Bergsons er í umfjöllun um listheimspeki Guyaus sem er náskyld hugmyndum Bergsons að mörgu leyti. Ágúst túlkar þetta á þennan veg: „Hlutirnir og hinar lífandi verur hafa áhrif á okkur fyrir hreyfingar þær, sem frá þeim stafa. Hreyfingar þessar valda jafnan einhverjum samsvarandi taugahræringum í okkur; en fyrir þessar taugahræringar komumst við í mismunandi skap eða geðhrif (stemning), og geðhrif þessi leggjum við svo ósjálfrátt inn í hlut þann eða persónu, sem áhrifin stöfuðu frá, og þykjumst við svo skilja hann alveg ósjálfrátt“ (bls. 294). Lýsing Ágústs á samúðinni og áhrifum hennar sver sig í ætt við túlkun Guðmundar, enda ýjar Ágúst að því að hugmyndir Guðmundar séu að miklu leyti fengnar frá Guyau þótt hann geti hans ekki í ritgerð sinni. Þótt Guyau taki áhrif hluta ekki síður en annarra með í reikninginn, um möguleika þess að hræra við fólki, nær það hinsvegar ekki eins langt og er ekki eins altækt og kenning Bergsons um innsæi felur í sér. Um er að ræða túlkun á áhrifum listar þar sem listamaðurinn „er búinn að setja geðblæ sinn á hluti þá, sem hann er að lýsa, búinn svo að segja að blása í þá lífi og sál, og svo finnum við alveg ósjálfrátt til með þeim, leggjum okkur eins og inn í hlutina“ (bls. 295). Hér er skýr samhljómur með kenningum Bergsons. Munurinn liggur í því að hér þjónar hluturinn sem miðill á milli manna, það þarf að gæða hann merkingu; aðgreiningu hugar og hlutar er því viðhaldið í hugmyndakerfi Guyaus og nær því ekki að vera altækt og verufræðilegt eins og kenningar Bergsons um innsæi og samúð.

Í grein sinni, Uppeldismál — Eðli og hlutverk kvenna, sem Sigrún Blöndal skrifaði í tímaritið Veru lýsir hún innsæishugtaki Bergsons sem upphöfnu eðli, nokkuð sem hún telur að sé mikilvægt með tilliti til þess sem hún telur vera eðlismun karla og kvenna. Afstaða Sigrúnar er íhaldsöm í heildina og er hún að reyna að byggja upp grundvöll fyrir því að konum henti ekki hefðbundið nám sem miðað er við forsendur karla. Að hennar mati er eðli kynjanna ólíkt, þó svo að hún viðurkenni jafnframt að karlmannlegt og kvenlegt eðli einskorðist ekki beint við líffræðilegt kyn. Hún telur að konum henti ekki sérlega vel að greina hluti á almennum forsendum, heldur liggja styrkur þeirra í hinu sértæka, nálæga og persónulega. Á þessum forsendum dregur hún einnig þá ályktun að frumleiki og öflug skapandi hugsun sé einnig konum framandi vegna þess að þær eigi erfitt með að alhæfa út frá almennum forsendum. Hún tekur þó fram að Bergson greini ekki á milli kynja í umfjöllun sinni um innsæi, þó svo að hún sjálf telji það tilheyra konum fremur en körlum. Hún nýtir sér röksemdir Bergsons til að leggja áherslu á þá slagsíðu sem menntun byggir á og upphæfur hið almenna umfram hið sértæka — hið rökræna umfram það sem byggir á innsæi. Þessi hugsun fellur að hennar mati ekki að „eðli“ kvenna og þess vegna henti skólakerfið og áherslur þess ekki menntun þeirra. (Sigrún Pálsdóttir Blöndal, 1926) Hugmyndir Sigrúnar sem koma fram í greininni voru harðlega gagnrýndar, sér í lagi áhersla hennar á það að „eðli“ kvenna væri að mörgu leyti síðra á sviði vitsmuna en karla (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 108–109). Ein af þeim sem gagnýndu skrif Sigrúnar og forsendur var Björg C. Þorláksson sem svaraði grein hennar í 19. júní í upphafi árs 1927. Í svargrein sinni hrekur hún forsendur Sigrúnar og bendir meðal annars á að „skilgreining [Bergsons] á eðlishvöt og viti í þróunarsögu lífveranna [sé] frekar skáldleg en raunhæf.“ (d. 36). Án þess að draga í efa túlkun Sigrúnar á kenningum Bergsons hafnar hún þeirri niðurstöðu Bjargar að innsæið sé í andstæðu við rökhugsun og því að það að þroska rökhugsun væri á kostnað innsæisins (d. 36–37).

Almennt eru menn sammála um það að áhrif Bergsons á hugmyndir og kenningar Bjargar C. Þorláksson séu mikil og víðtæk. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir telur að hann hafi haft mikil áhrif á hana á námsárum sínu og tiltekur sérstaklega að þar liggja grunnurinn að hugmyndum Bjargar um *skapandi þróun* sem sé undir sérstaklega miklum áhrifum af hugmyndum Bergsons um verðandina (2002, bls. 134–135). Sigríður Þorkelsdóttir tekur undir þetta og tekur fram að rit Bergsons, *Skapandi þróun*, hafi haft „djúptæk og varanleg áhrif á Björgu“ (2002, bls. 161). Sigríður rekur vel áhrif kenninga Bergsons á Björgu og hvernig hann „verður henni hvatning til að flétta saman efnishyggju og andhyggju/lífhyggju í fræðum sínum“ (bls. 163). Það er í þessu samhengi áhugavert að skoða umfjöllun Bjargar um innsæi og samúð í grein sem hún skrifaði í tímaritið *Íðunn* árið 1928 titlaða: Samúð, vanúð, andúð. Þar eru hugmyndir hennar að mörgu leyti í samhengi við kenningar Bergsons, þótt þær reyndar víki einnig frá þeim að mörgu leyti. Það er á sviði fagurfræði sem hugmyndir hennar eiga sterkastan samhljóm með hugmyndum Bergsons og þar er Björg á svipuðum slóðum og Guðmundur Finnbogason og Ágúst H. Bjarnason. Hún telur að öllum sálarfræðingum beri saman um að áhorfandinn þurfi að „leitast við að skynja og skilja það [listaverkið] í heild og samhengi fyrir innsæisgáfu, að láta það svo að segja endurómast í sjálfum sér, án þess að reyna til þess að liða það sundur og gera sér grein fyrir hverjum einstökum þætti þess“ (bls. 49). Í fagurfræðinni fylgir Björg því vel verufræðilegri hugsun Bergsons. Tengingar kenninga þeirra

verða lausari þegar Björg reynir í kjölfarið að samhæfa líffræði og sálarfræði út frá tilgangi og gildi samúðar í samskiptum manna á milli. Þar skilgreinir hún samúðina sem forskilvitlega, nokkuð sem á sér stað í upphafi þróunar lífsins og sem kemur á undan bæði eðlishvöt og skynjun (bls. 50–51). Hér, eins og hjá Bergson, verða kenningar Bjargar óræðar. Hún telur að samúðarskynið sé nokkuð sem börn og frumstæðar þjóðir byggi að miklu leyti á (bls. 57–60). Í þessu felst að „vit og dómgreind kæmi fullþroska manni í stað samúðarskynjana og táknaheims barnsins“ (bls. 60). Þar lýsir hún því samúðinni sem frumstæðari en vitinu. Hún er hins vegar á sama tíma meðvituð um takmarkanir skynsemi og vits, ekki ólíkt Bergson, og klykkir því út með þeirri fullyrðingu að „hin eðlisbundna samúð, aukist og eflist að sama skapi og sjálfum hinum sérgreindu starfsþáttum vitheilans fjölgar og vex fiskur um hrygg“ (bls. 61).

Á árunum eftir seinni heimstyrjöldina er umfjöllun um kenningar Bergsons ekki áberandi hér á landi. Þó er áhugavert að sjá að Guðmundur Sveinsson taldi þörf á að kynna kenningar Bergsons fyrir almenningi í grein sem hann skrifaði í *Samvinnuna* árið 1961. Þar má sjá hvernig hann hefur orðið fyrir áhrifum frá Bergson, nokkuð sem skiptir máli fyrir síðari aðkomu hans að uppbyggingu menntamála hér á landi. Í greininni fjallar hann um þróun hugmynda Bergsons, frá efnishyggju yfir í skýrari ferlisáherslur. Hann túlkar meginhugmyndir Bergsons og fráhrarf frá hugsun efnishyggju og rökhyggju á lipran hátt, og dregur síðan skýrar áherslur þegar kemur að því að gera greinar- mun á því sem hann telur vera tvíþætt vitundarlíf mannsins:

Vitundarlíf mannsins er þannig tvíþætt: 1) Vit og hugsun, sem beinast fyrst og fremst að umhverfinu, rúminu, þannig hinu fasta og varanlega — og 2) Innsæi — sem beinist að hinu andlega, tímanum og hinu síbreytilega og skapandi. — Hingað til hefur nær öll orka mannsins farið í það að þroska annan þennan hæfileika, vitið, en hinum, innsæinu, hefur ekki verið gefinn sá gaumur, sem nauðsynlegt er (1962, bls. 24).

Það er greinilegt að honum þykir nauðsynlegt fyrir alla að þroska hæfileika innsæis sérstaklega, að ekki megi vanrækja hann þótt vísindin gefi okkur öflugri vitund og þekkingu. Á meðan Sigrún telur að hæfileikinn til innsæis sé á kostnað skapandi hugsunar og frumleika, og konur þannig ekki almennt með hæfileika að því leyti, telur Guðmundur að innsæið beinist öllu fremur að sköpuninni. Þar tekur hann fagurfræðilega afstöðu á líkingu við þau Guðmund Finnþogason og Björgu C. Þorláksson. Áratug eftir að hann skrifaði greinina um Bergson í *Samvinnuna* tók Guðmundur að sér að stýra Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og í því starfi gegndi hann lykilhlutverki við uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á síðari hluta tuttugustu aldar, þar sem aukin áhersla á fjölbreytta og heildræna menntun skipti miklu máli. Út frá áherslum sem Guðmundur leggur í grein sinni um Bergson má geta sér til að hugmyndir hans hafi verið liður í hugmyndafræði Guðmundar að baki þeirri uppbyggingu.

Merki um hugmyndir Bergsons í íslenskri menntaumræðu þessarar aldar

Ástralski heimspekingurinn Elizabeth Grosz telur að greina megi hneigð í átt að aðferðum og hugmyndum Bergsons í aðferðum margra greina í félags- og hugvísindum, að þessar greinar hafa tileinkað sér, ef til vill óvitandi, virka og ófyrirsjáanlega tímahugsun samtímis því að reyna að taka viðfangsefnin, skoða einstaka þætti þeirra og fella að hefðbundinni vísindahugsun (2004, bls. 241). Þótt hugmynda Bergsons um innsæi og róttækan skilning á tíma og rúmi hafi ekki gætt sýnilega í menntaumræðu á undanförunum árum, má þó greina áhrif skyldra hugmynda í umræðunni, og þá sér í lagi í tengslum við umfjöllun um hugmyndafræðilegar forsendur skólustarfs sem snúist hafa um hugtök eins og gagnrýna hugsun, lýðræði, sjálfbærni og sköpun í skólustarfi. Höfundar byggja óneitanlega á mismunandi grunni í skrifum sínum, en þó gætir víða hugmynda sem eru hliðstæðar hugmyndum Bergsons.

Í umfjöllun um sjálfbæra þróun sem þátt í skólakerfi má víða greina grunn hugmynda sem eru í ætt við áherslur Bergsons um aðra nálgun en venjubundin vísindahugsun nær yfir. Þar má meðal annars nefna skrif Kristínar Norðdahl við gerð lykils til að greina áherslur í menntun til sjálfbærni í íslenskum skólum (2009). Lykillinn byggir á alþjóðlegum forsendum og stefnumótun á vegum Sameinuðu þjóðanna allt frá árinu 1987 og hugmyndin að honum er greinilega að vera virkt tæki til að hafa áhrif á það svið sem til rannsóknar er. Í þeirri viðleitni er fólgin afstaða til rannsóknarefnisins sem er altæk og hreyfanleg í stað þess að skoða efnið utan frá sem afmarkaðan

og stöðugan hlut, þótt þessi viðleitni sé vitaskuld einnig studd sterkri viðleitni til aðgreiningar og flokkunar. Andinn að baki þeirri aðgreiningu, sem sjá má í því að skipta viðfangsefninu upp í sjö ólíka rannsóknarþætti, er hins vegar tengjandi; það er ljóst að hugmyndin er að samtvinna og sameina þá þekkingu sem upplýsingar um aðgreinda þætti sviðsins veitir á virkan hátt í niðurstöðum. Þeir þættir sem greiningin tekur til eru víðfeðmir og taka meðal annars til siðferðilegra álitamála um gildi og tilfinningar, hugmynda um lýðræðislega virkni, auk þess að greina áhrif hugmynda um lýðheilsu og þekkingu á náttúruvísindum. Auður Pálsdóttir, Allyson Macdonald og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson skoða nánar þær áherslur sem liggja að baki þeirra rannsókna sem Kristín Norðdahl vísar til (2009). Þar leggja þau mikla áherslu á heildarsýn á viðfangsefnið og að leggja þurfi „áherslu á að þroska framtíðarsýn barna og unglunga“ í tengslum skólustarf sem þau spyrja hvort hugsa þurfi á „annan hátt“, nokkuð sem á skýran samhljóð bæði í hugmyndum Guðmundar Sveinssonar og túlkun Deleuze á aðferð Bergsons. Þau eru sér einnig meðvituð um að árangur komi ekki til með að nást á þessu sviði ef „viðfangsefni eru slitin í sundur eftir margskiptri stundaskrá eða þar sem þröng sjónarmið einstakra fræðigreina ráða ferðinni“, eins og þau segja í inngangi greinar sinnar (bls. 1).

Í umfjöllun um þátt lýðræðis í skólustarfi hjá Ólafi Páli Jónssyni má einnig sjá náskyldar hugmyndir við heildræna hugsun Bergsons, þótt áherslur á að skipta viðfangsefnum upp í þætti og greina út frá einstaklingsbundnum forsendum séu einnig ríkjandi hjá Ólafi Páli. Í grein sem ber heitið Lýðræði, menntun og þátttaka sækir Ólafur Páll til hugmynda Guðmundar Finnbogasonar. Í tilvísun Ólafs Páls í Guðmund er skýr áhersla lögð á að „að koma á samræmi milli allra líkams- og sálar- aflu mannsins“ og „um menntun sem þroskun og eflingu manneðlisins í heild sinni“. Það er vissulega endurómur hugmynda Bergsons í þessum áherslum á heildrænt samhengi lífs og ákvarðana sem Ólafur Páll tekur frá Guðmundi Finnbogasyni, þótt þær feli ekki í sér þann skilning að til þess að ná þessum þroska, eins og Guðmundur Sveinsson leggur áherslu á, þurfi aðra verufræðilega sýn sem byggir á heimspekilegu innsæi. Í kjölfar þessara hugmynda um gildi lífsfyllingar í tengslum við lýðræðislega uppbyggingu snýr Ólafur Páll sér að hugmyndum um ferli reynslunnar út frá skrifum Deweys, þar sem áherslan er á gildi reynslu og menntunar til jafns fyrir framgang lýðræðislegra ferla. Hér er aftur um skyldleika að ræða við hugmyndir Bergsons, í fyrsta lagi í tíma- hugsuninni sem felst í ferli lýðræðislegs samfélags; í öðru lagi hugmyndum um mikilvægt hlutverk reynslunnar — í formi líkamlegs minnis — fyrir þroska og framgang lýðræðis. Hér er um snertifleti að ræða við hugmyndir Bergsons um gildi innsæis og þess ferlis sem á sér stað í því sem er að verða, þótt þeir séu undirliggjandi og óyrtilir.

Nánar um heimspekilegt innsæi og menntun

Í lykilriti sínu um kenningar Henri Bergsons leggur Gilles Deleuze ríka áherslu á mikilvægi innsæis sem aðferðar (1963, bls. 1–3). Þótt rökhugsun og vísindalegar aðferðir séu góðar til að skoða hluti nánar og greina, þá gera takmarkanir þessara aðferða það að verkum að hagnýting þeirra dugir ekki til þegar skoða á hluti í heildarsamhengi, eins og á sér til dæmis stað á vettvangi ákvarðanatöku í lýðræðisríki, eða þegar fólk þarf að taka mikilvægar ákvarðanir um eigið líf. Til að styrkja persónulegar ákvarðanir — í anda þess sem í skólakerfinu hefur verið kallað lífsleikni — eða við ákvarðanir í pólitísku samhengi — eins og í umræðu um samspil mannlegs samfélags við náttúruna — þarf aðferðir sem ná utan um heildarmyndir. Í skilningi Deleuze fjallar aðferð Bergsons um að ná utan um heildarhugsun í samfélaginu á annan hátt en hefur tíðkast. Í tengslum við menntun snýr þetta meðal annars að því að skoða hugmyndir um spurningar eða vandamál á annan hátt; ekki að líta á þau sem gefin eða skilgreind af kennurum sem síðan fela í sér einfalda lausn — sem er aðferð orsaka og afleiðingar. Í staðinn felist í aðferð innsæis að finna vandamálið og í framhaldi skilgreina það á skilmerkilegan hátt, fremur en að leysa það (1963, bls. 4). Í annan stað telur Deleuze að aðferð Bergsons geti nýst á mikilvægan hátt til að berjast gegn tálsýnum, þegar skortur á heildarsýn eða innsæi leiðir af sér að ákveðið og takmarkað sjónarhorn öðlast gildi meginreglu eða lögmáls án þess að yfirsýn náist um forsendurnar (1963, bls. 13–15). Það sem skiptir máli hér, að mati Deleuze, er afstaða til þróunar í hvaða formi sem hún nefnist, þar sem það skiptir máli að muna að vísindaleg aðferð greiningar einskorðast oft við að skipta hlutum upp og skilja hvernig þeir hafa aðgreinst; skortur á yfirsýn sem slík aðgreining felur í sér getur leitt til þess að menn sjái ekki hvernig hlutir geta á sama hátt runnið saman og sameinast, nokkuð sem skipt getur miklu máli fyrir skynsamlega niðurstöðu. Þessi aðferðafræði og heimspekileg hugsun sem því tengist — og byggir á hugmyndum um heimspekilegt innsæi — getur að mínu mati orðið mikilvægur þáttur í að þróa aðferðir innan skólakerfisins sem eru lausnamiðaðar og einkennast af samúð og sameiginlegri ábyrgð og áherslu á heildarsamhengi hlutanna.

Skyldra hugmynda gættir einnig í skrifum Elizabeth Grosz í bók hennar *The Nick of Time: Politics, Evolution, and the Untimely* (2004) þar sem hún nýtir sér hugmyndakerfi Bergsons ríkulega. Umfjöllunarefni bókarinnar eru tengsl viðtekinnar vísindahyggju og þau vandamál sem hún veldur í tengslum við samskipti og samspil manns við náttúruna og heiminn í heild. Þetta viðfangsefni Grosz er því ekki óskilt því sem íslenskir kennarar hafa verið að fást við í viðleitni sinni til að þróa virkar og áhrifaríkar aðferðir út frá hugmyndum um sjálfbærni innan skólakerfisins. Grosz álitur að í ástandi samtímans hafi átt sér stað alvarlegt rof í samspili manns og náttúru, auk þess sem vandamál í samskiptum manna innbyrðis verða stöðugt illleysanlegri. Hún telur jafnframt að til þess að eiga möguleika á því að bregðast við þessu þurfi að koma til verulegar breytingar í almennri hugsun, þar sem hugmyndir Bergsons um minni, þróun og tímahugsun — nokkuð sem kristallast í aðferðum byggðar á innsæi — geti skipt lykilmáli. Sem fyrr segir telur Grosz að á undanförunum áratugum hafi átt sér stað tilhneiging sem byggir á nálgun Bergsons í aðferðafræðilegri þróun í greinum eins og sagnfræði, félagsfræði, sálfræði, og stjórnmálafræði, en án þess þó að hugmyndirnar hafi verið raktar beint til hans. Að hennar mati, sem skiptir máli fyrir umræðuefni okkar hér, þyrfti að skerpa á þessum áherslum og auka vægi þeirra í tengslum við rannsóknir til mikilla muna (2004, bls. 241–242).

Velmegun og nautn — eða öllu heldur gleði

Aukinn og dýpri skilningur á hreyfingu og hreyfigetu heimsins með aukinni áherslu á heimspekilegt innsæi í menntun gæti leitt af sér jákvæðar og nauðsynlegar breytingar. Þetta var íslenskum fræðimönnum og menntafrömuðum mikilvægt, sér í lagi á fyrri hluta síðustu aldar. Höfundar á borð við Deleuze og Grosz hvetja til aukins þunga á þessu sviði auk þess sem skyldar áherslur eiga hljómgrunn á meðal þeirra sem vilja efla menntun fyrir sjálfbærni og styrkara samfélag. Þessi gildi lagði Henri Bergson áherslu á, þegar hann ræddi þá skoðun sína að rökrænar aðferðir vísindahugsunar ynnu á of þröngum forsendum velmegunar og nautnar:

Með beitingaraðferðum sínum sem sýna ekkert nema þægindi tilvistarinnar, gefa vísindin okkur fyrirheit um velmegun, allt fyrir aukna nautn. En heimspekin hefur þegar gefið okkur gleðina (1911/2003a, bls. 142).

Bergson hafði þegar gert sér grein fyrir hættunni sem fólst í of einhæfri hugmyndafræði iðnbyltingarinnar sem var forsmekkur neyslusamfélags samtímans. Trú hans var sú að til þyrfti annað og meira, sem, eins og Ólafur Páll leggur áherslu á, færir okkur lífsgleðina á eigin forsendum. Leiðin að þessu, að mati Bergsons, var að byggja upp áherslur og heildarhugsun sem byggði á heimspekilegu innsæi. Leggja þurfi áherslu á annað og meira en rökræn og skynsamleg skipulagshugsun nútímahyggjunnar getur gefið einstaklingum og samfélagi. Áhersla á heimspekilegt innsæi, samhliða greinandi og gagnrýnni hugsun vísindanna, snýst um að innleiða altækari afstöðu til heimsins og lífsins. Þetta er afstaða sem nýtir sér innsæi sem aðferð við að bera skynbragð á hlutina og leggur áherslu á að sú tilfinning sem fylgir samúð sé jafnmikilvæg og gagnrýnni og greinandi hugsun.

Heimildaskrá

Annadís Gréta Rúðólfsdóttir (2002). Í gegnum gler og þoku: Um sálfræðina í verkum Bjargar C. Þorláksson. Í Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstjóri), *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Auður Pálsdóttir, Allyson Macdonald og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2009). Hvað græðum við á því að gera sjálfbæra þróun að sýnilegu viðmiði í grunnskólalastarfi? Ráðstefnurit Netlu: Rannsóknir – Nýbreytni – Þróun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/grein-ar/2009/007/03/index.htm>

Ágúst Bjarnason. (2012). Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau. *Skírnir*, 86, 97–110 og 289–307.

Bergson, H. (2003a). L'intuition philosophique. Í *La Pensée et le mouvant: essais et conférences* (bls. 117–142). París, Frakklandi: Presses Universitaires de France - PUF. (Upphafleg útgáfa 1911)

- Bergson, H. (2003b). Introduction à la métaphysique. Í *La Pensée et le mouvant: essais et conférences* (bls. 177–228). París, Frakklandi: Presses Universitaires de France - PUF. (Upphafleg útgáfa 1903)
- Björg C. Þorlákssdóttir. (1927). *Um „eðli og hlutverk kvenna“*. 19. júní, 10(3), d. 33–37 og 10(3) d. 51–55.
- Björg C. Þorláksson (1928). *Samúð, vanúð, andúð*. *Iðunn*, 12(1), 48–61.
- Deleuze, G. (1997). *Le bergsonisme* (3. útg.). París, Frakklandi: : Quadrige/PUF. (Upphafleg útgáfa 1966)
- Deleuze, G. (2004). Bergson, 1859–1941. Í *Desert Islands and Other Texts, 1953-1974* (bls. 22–31). (D. Lapoujade og M. Taormina þýddu). New York, USA: Semiotext(e). (Upphafleg útgáfa 2002)
- Grosz, E. (2004). *The Nick of Time: Politics, Evolution, and the Untimely*. Durham, North Carolina, USA: Duke University Press Books.
- Guðmundur Finnbogason (1911). *Den sympatiske Forstaaelse*. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel Nordisk Forlag.
- Guðmundur Finnbogason (1918). *Frá sjónarheimi*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Guðmundur Sveinsson (1962). Henri Bergson. *Samvinnan*, 56(9), 8, 24–25.
- Jakob Guðmundur Rúnarsson (2015). *Einhyggja, þróun og framfarir — Heimspeki Ágúst H. Bjarnasonar* (ritgerð til doktorsprófs). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Jörgen L. Pind (2006). *Frá sál til sálar: ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristín Norðdahl (2009). Menntun til sjálfbærrar þróunar – í hverju felst hún? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2009/013/index.htm>
- Ólafur Páll Jónsson (2008). Lýðræði, menntun og þátttaka. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/013/index.htm>
- Ólafur Rastrick (2013). *Háborgin: Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Sigríður Matthíasdóttir (2004). Kvennahreyfing millistríðsáranna og átökin um hlutverk kvenna innan þjóðríkisins. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Kynjafræði — Kortlagningar* (bls. 103–111). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Sigrún Pálsdóttir Blöndal (1926). *Uppeldismál — Eðli og hlutverk kvenna*. *Hlín*, 10(1), 89–121.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (2002). Að koma Björgu á kortið: Heimspeki Bjargar C. Þorláksson í evrópsku samhengi. Í Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstjóri), *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson* (bls. 159–182). Reykjavík: JPV útgáfa.
- Wachowski, A. og Wachowski, L. (1999). *The Matrix*, DVD-diskur. USA: Warner Bros.
- Þorsteinn Helgason. (2011). Kjölfesta eða dragbitur? Gagnrýnin hugsun og kennslubækur í sögu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/005.pdf>

Um höfund

Hlynur Helgason (hlynurh@hi.is) er lektor í listfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsgráðu í heimspeki með áherslu á listmiðlun frá European Graduate School árið 2011. Hann er eins og er formaður NORDIK, samtaka listfræðinga á Norðurlöndum. Á undanförunum árum hafa rannsóknir hans beinst að samhengi og áhrifum samtíðarlistar á Íslandi í alþjóðlegu samhengi, auk rannsókna í mennta- og stjórnmálaheimspeki.

Efnisorð

Heimpekilegt innsæi – Henri Bergson – Sjálfbærni – Heimspeki menntunar – Menningarsaga.

About the author

Hlynur Helgason (hlynurh@hi.is) is Assistant Professor in Art Theory and History at the University of Iceland. He has a PhD in Media Philosophy from the European Graduate School in 2011. He is currently chair of the Nordic Association of Art Historians. In recent years his research has concentrated on the context of contemporary art in Iceland, its effects and international connections, as well as research in both educational and political philosophy.

Key words

Philosophical intuition – Henri Bergson – Sustainability – Philosophy of education – Cultural history.



Hlynur Helgason (2016).

Heimpekilegt innsæi: mikilvægi hugtaks Henris Bergsons fyrir umræðu um þróun menntunar.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki. Greinar frá Menntakviku Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

http://netla.hi.is/serit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_menntakviku/004.pdf